

Tökum afstöðu! – hlutverkaleikir

Hlutverkaleikur 1: Tölvustofan

Hlutverk A:

Þú ert stjórnandi klúbbs sem í eru bæði stelpur og strákar. Þú hefur ákveðið að halda sex tíma námskeið um tölvur fyrir hóp af unglingum.

Allir í hópnum eru spenntir fyrir námskeiðinu og vilja endilega taka þátt. Í tölvustofu skólans, þar sem námskeiðið verður haldið, eru ekki nema fimm tölvur á boðstólum þannig að aðeins fimm meðlimir æskulýðshópsins komast á námskeiðið. Þú verður að ákveða hverjir verða fyrir valinu.

Þér finnst að strákarnir ættu að fá forgang á námskeiðið. Í samfélaginu sem þú býrð í hafa afar fáir unglingsstrákar vinnu. Strákarnir í æskulýðshópnum þínum þurfa að öðlast færni sem mun hjálpa þeim að finna vinnu. Námskeiðið myndi veita þeim bæði góða tölvukunnáttu og sjálfstraust.

Þú veist að nokkrar stúlkanna eru einnig áhugasamar um að læra á tölvur. En stelpur í samfélaginu þínu eru mun líklegri til þess að gifta sig mjög ungar, eignast börn og vinna heima. Þar að auki gæti sumum foreldranna fundist að tölvunotkun sé ekki eitthvað sem dætur þeirra ættu að læra. Einhvern tímann í framtíðinni gætir þú kannski skipulagt tölvutíma fyrir stúlkur.

Hlutverk B:

Þú ert meðlimur í klúbbi sem í eru bæði stelpur og strákar. Fimm meðlimir hópsins geta fengið tækifæri til þess að sækja tölvunámskeið í framhaldsskólanum í nágrenninu. Allir eru spenntir að komast á námskeiðið. Það er erfitt fyrir unglinga að fá vinnu í borginni og það að hafa góða tölvukunnáttu myndi hjálpa mikið við að finna vinnu.

Þú hefur rétt í þessu komist að því að stjórnandi æskulýðshópsins ætlar að leyfa strákunum að skrá sig fyrst á námskeiðið. Þér finnst þetta vera óréttlátt. Bæði strákar og stelpur þurfa starfsfærni til þess að geta séð fyrir sér og fjölskyldu sinni. Þó flestir þeirra sem vinna við tölvur í samfélaginu þínu séu karlmenn þá eru alltaf fleiri og fleiri konur sem taka að sér slík störf. Stelpur munu aldrei hafa jöfn tækifæri til að fá jafn vel launaða vinnu og strákar nema þær fái sömu þjálfun og strákarnir.

Ath.: Hlutverk B gæti verið leikið af annaðhvort stelpu eða strák.

(Byggt á 2. grein Barnasáttmálans sem segir að hverju barni eigi að vera tryggð sín réttindi, án mismunar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungumáls eða trúarbragða.)

Hlutverkaleikur 2: Ósamkomulag

Hlutverk A:

Þú ert nemandi á efsta stigi grunnskóla. Nýlega hafa nokkrir nemendur frá öðru landi byrjað í skólanum sem þú ert í. Þeir tala annað tungumál en talað er í þínu landi. Þeir eru annarrar trúar og verða því stundum að sleppa úr skóla vegna trúarlegra frídaga.

Þér líkar ekki vel við þessa nemendur. Siðir þeirra koma þér skringilega fyrir sjónir. Þér finnst að ef þeir vilja búa í landinu þínu þá ættu þeir að reyna að vera eins og allir aðrir sem búa þar.

Þér finnst sérstaklega hvítleitt þegar þeir sitja saman í hádeginu og tala móðurmál sitt. Þú getur ekki skilið þá og þér finnst eins og þeir séu að tala um þig.

Þú reynir að fá nokkra af vinum þínum til þess að fá nemendurna til þess að sitja á afviknum stað í hádeginu. Þú vilt fá vini þína til þess að sameinast þér í að stríða þeim á því hvernig þeir tala og að segja þeim að þeir ættu að fara aftur heim til sín.

Hlutverk B:

Þú ert nemandi á efsta stigi grunnskóla. Nýlega hafa nokkrir nemendur frá öðru landi byrjað í skólanum sem þú ert í. Þeir tala annað tungumál en talað er í þínu landi. Þeir eru annarrar trúar og verða því stundum að sleppa úr skóla vegna trúarlegra frídaga.

Þú myndir vilja kynnast þessum krökkum betur, til þess að læra um landið þeirra og kannski jafnvel læra nokkur orð í tungumálinu þeirra. En einn af vinum þínum vill fá þig til þess að vera með sér í því að stríða þeim, trufla þá á meðan þeir eru að borða hádegismat og segja þeim að fara burt af landinu.

Þig langar til þess að fá vin þinn til þess að hætta að láta svona. Þig langar ekki til þess að eyðileggja vináttuna en þér finnst stríðnin ekki vera sanngjörn. Þér finnst áhugavert að hafa nemendur frá öðrum löndum í skólanum og þig myndi langa til þess að finna leið til að vingast við þá.

(Byggt á 30. grein Barnasáttmálans sem segir að börn sem tilheyra minnihlutahópum hafa rétt til þess að njóta eigin menningar, játa og iðka eigin trú og tala eigið tungumál.)